

**139** 26. okt. nóvember 1871, virðist ráðgjafanum ekkert því til fyrirstöðu, að láta nefndarmenn sjálfa skipta þóknuninni milli sín, en verði þeir eigi ásáttir um skiptin, skuli landshöfðingi gjöra út um málið.

Eptir því sem þjer skýrið frá, herra landshöfðingi, hefir þegar á þessu ári verið greitt út nokkuð af fje því, 2000 krónum, er veitt er í 10. gr. C 11 til þess að taka þátt í minningarhátið háskólans í Uppsölum. Þessu verður að reyna að bæta úr svo sem hægt er, og eruð þjer því þjónustusamlega beðnir, að gjöra svo vel að láta telja það, sem greitt hefir verið út í þessu skyni, með *versúru*-gjöldum í þessa árs jarðabókarsjóðs-reikningi, og setja það eigi í reikningsyfirlitið sjálft fyr en að ári.

Að því er snertir skipun 5. undirkennara-embættis, er laun eru ætluð til í 13. gr. B III, verður ráðgjafinn að vera á sama máli og þjer um það, að eigi skuli veita það fyr en frá byrjun skólaársins 1878—79, og það því fremur, sem eigi verður takandi í mál að taka upp gagnfræðakennslu í skólanum, samkvæmt 18. gr. í reglugjörð fyrir hinn lærða skóla í Reykjavík 12. júlí þ. á., fyr en við byrjun þess skólaárs.

Að því er snertir fyrirkomulag á umsjóninni í hinum lærða skóla hafid þjer, herra landshöfðingi, óskað úrskurðar ráðgjafans um það, hvort það sje skylda undirkennara skólans, samkvæmt lögum 15. oktbr. 1875, 2. gr., að hafa á hendi umsjónina þar, gegn þóknun eða endurgjaldslaust, og hvort hafa eigi nokkurn fyrirvara í þá átt, þegar hið umgetna nýja undirkennaraembætti verður auglýst. Við spurningu þessari verður að kveða afdráttarlaust nei, að því er snertir kennarana sem nú eru, og skipaðir hafa verið í embættin fyrtr 1. janúar 1876; og það er meira að segja um ókomna kennara, að ráðgjafinn er ekki á því, að á þá verði lögð sú skylda eptir tjeðri lagagrein, að taka að sjer umsjónina, hvort heldur er fyrir þóknun eða endurgjaldslaust, með því að þessi starfi er sýsla út af fyrir sig, er eigi heyrir til embættis þeirra, og hefir hingað til eigi verið skoðað sem embættisstarf, er fylgdi kennarastöðunni, heldur verið veitt þóknun fyrir það sjer í lagi. Auk þess verður að gæta þess, að það væri gjöræði, að leggja slíkt starf á einhvern kennaranna, með því að eigi verður sagt, að það heyrir fremur til einu undirkennaraembættinu en öðru. Hins vegar mætti raunar setja það skilyrði, er hið nýja kennaraembætti væri auglýst, að sá, sem það fengi, ætti að taka að sjer umsjónina, jafnvel endurgjaldslaust; en það mundi þó naumast ráð, með því að það er öldungis óvist, að sá, sem sækir um kennaraembættið, sje fallinn til að hafa þessa sýslu á hendi, og mætti auðveldlega svo að þera fyrir þá skuld, að maður, sem að öðru leyti væri vel fallinn til embættisins, ljeti þetta aptra sjer frá að sækja um það.

Með því að útgjaldaliður sá, er tilgreindur er í 13. grein B III c 9., mun vera á fallinn á árinu sem nú er að líða, eptir því sem þjer skýrið frá, verður að fara eins að með hann og að framan segir um C 11 í 10. grein.

**140** 26. okt. — *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um skrifstofukostnaðar-endurgjald amtmannanna.* — Með því að alþingi hefir synjað hækkunar á skrifstofukostnaðar-endurgjaldinu handa amtmanninum yfir suður- og vesturumdæminu og handa amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu, 200 kr. um árið handa hvorum, svo sem farið var fram á í frumvarpi til fjárukalaga um árin 1876—1877, þar sem þingið felldi frumvarp þetta gjörsamlega, en nú mun vera búid að greiða hlutadeigendum fje þetta mestallt, samkvæmt brjefi frá ráðgjafanum 28. febr. 1876 [Stjórnart. 1876 B 24], eruð

þjer, herra landshöfðingi, þjónustusamlega beðnir að sjá um, að fjenu verði skilað aptur landssjóðnum, á þann hátt, að öðru eins sje haldið eptir af launum hlutadeiganda. **140**  
26. okt.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um legorðssök prestaskólakandidats.* — Út af bænarskrá þeirri frá prestaskólakandidat N. N., er þjer senduð hingað, herra landshöfðingi, með þóknaulegu brjefi 25. sept. þ. á., þar sem hann sækir um allramildilegasta uppreisn á legorðssök, skal yður þjónustusamlega tjáð til þókna-  
anlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutadeiganda, að með því að eigi eru liðin 2 ár síðan yfirsjónin var framin, verður bæn þessi eigi veitt. **141**  
3. nóv.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um nýtt brauðamat og nýja brauðaskipun og kirknaskipun m. fl.* — Samkvæmt allraþegnsam-  
legustum tillögum ráðgjafans, að fengnu brjefi yðar, herra landshöfðingi, frá 19. septbr. þ. á., hefir hans hátign konunginum 5. þ. mánu. þóknazt allramildilegast að fallast á:

1. að stiptsyfirvöldunum á Íslandi verði skipað, að láta fram fara nýtt mat á öllum brauðum á Íslandi, eptir nánari reglum, er þau setja fyrir því, og að semja síðan tillögur um nýja brauðaskipun og kirknaskipun; skal bera tillögur þessar undir fundi, er halda skal í júnímánuði næsta ár í prófastsdæmi hverju, og allir prestar prófastsdæmisins skulu til sækja og einn maður kjörinn úr hverri sókn í prófastsdæminu af öllum búandi mönnum í sókninni, þeim er gjalda til prests og kirkju, og skulu fundir þessir segja álit sitt bæði um skipun brauða og kirkna og um gjöld til prests og kirkju; og

2. að allramildilegast verði veitt ráðgjafanum fyrir Ísland umboð til að skipa nefnd, er stiptsyfirvöldin hafi sæti í og 3 menn aðrir, og sem semji að fengnum áminnztum skýrslum frumvörp til laga um skipun málefna þeirra, er hjer ræðir um.

Um leið og þetta er birt yður til þóknalegrar leiðbeiningar og ráðstöfunar, skal yður þjónustusamlega falið á hendur að skipa áminnzta nefnd, þannig, að í henni eigi sæti auk amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu sem forseta nefndarinnar og biskupsins yfir Íslandi, þrjú menn, er þjer hafið bent á, þeir prófastur sira Þórarinn Böðvarsson, Dr. Grínur Thomsen og hreppstjóri Einar Ásmundsson. Yður er þar að auki falið, herra landshöfðingi, að ákveða þóknun þá, er kynni að mega veita nefndarmönnum fyrir starfa sinn, og skal greiða þóknun þessa af fje því, sem til tekið er í 16. gr. fjárlaganna fyrir 1878—79, og eins annan kostnað, er nefndarskipun þessi kynni að hafa í för með sjer.

— *Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um aðflutningsgjald af áfengum drykkjum.* — Reikningsskilin um árið 1876 fyrir innheimtu aðflutningsgjalds þess á brennivíni og öðrum áfengum drykkjum, er lögbodið er í lögum 11. febr. 1876, 1. gr., bera með sjer, að eigi hafi menn verið á eitt sáttir í öllum lögsagnarumdæmum landsins um það, hvort telja skuli nokkur vínföng, er nánara eru tilgreind, með «brennivíni og vínanda» eða með «öðrum vínföngum». Hafið þjer því, herra landshöfðingi, í þóknaulegu brjefi 17. septbr. þ. á., fyrst látið þess getið, að skilja muni eiga orðin «brennivín og vínanda» í 2. lið fyrstu greinar í strangri merkingu, og þá lagt það til, að svo skyldi fyrir mælt, að aðflutningsgjald af rommi, konjaki, írsku brennivíni (Whisky) og **143**  
8. nóv.